

Sp.

19. Tillaga til þingsályktunar

[19. mál]

um kosningu millipinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Einar Ágústsson,
Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna millipinganefnd með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli og reglugerðir um útflutningsverzlun landsmanna, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlun. Nefndin skal sérstaklega kynna sér hvernig er háttáð framkvæmd umræddra laga og reglugerða og hvaða endurbóta muni þörf, og semja samkvæmt því frumvarp til nýrra heildarlaga um þessi mál. Kappkosta skal, að nefndin ljúki störfum sem fyrst.

Greinargerð.

Öll útflutningsverzlun landsmanna er nú háð leyfisveitingum og hefur svo verið um langt skeið. Stafar þetta m. a. af því, að ekki hefur þótt gefast vel að hafa sölu sjávarafurða í höndum margra aðila. Slíku langvarandi kerfi leyfisveitinga fylgir hins vegar sú hættu, að ýmiss konar mistök og misbeiting eigi sér stað. Sé sama aðila lengi veitt einokun, getur hann orðið værugjarn og kærulaus. Sé hins vegar farið að veita leyfi til margra aðila, geta stjórnmalaskoðanir og handahóf ráðið leyfisveitingum og leyfi fallið óverðugum í skaut. Nýleg dæmi eru fyrir hendi um þetta hvort tveggja. Það er því ekki aðeins skylda Alþingis að vanda vel alla laga-setningu um slíkar leyfisveitingar, heldur einnig að fylgjast vel með því, hvernig framkvæmd slíkra laga er háttáð.

Samkvæmt gildandi lögum er öllum hérlendum aðilum skylt að selja Seðlabankanum eða öðrum bönkum, sem hafa leyfi til gjaldeyrisverzlunar, allan erlendan gjaldeyri, sem þeir eignast, án óeðlilegs dráttar. Allt eftirlit með þessum málum hefur orðið umfangsmeira og margbrotnara hin síðari ár en áður, m. a. vegna breytinga, sem orðið hafa á skipan innflutningsmála. Gjaldreyriseftirlit mun þó ekki hafa verið eflt að sama skapi. Því er mikil nauðsyn, að Alþingi kynni sér til hlítar framkvæmd þessara mála og setji um þau ný lagafyrirmæli í samræmi við það, sem reynslan leiðir í ljós, að sé nauðsynlegt.

Af þessum ástæðum, sem hér hafa verið greindar, þykir flutningsmönnum sjálfsgætt, að Alþingi kjósi millipinganefnd til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli um útflutningsverzlunina, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlunina yfirleitt. Alveg sérstaklega þykir nauðsynlegt, að nefndin kynni sér vel, hvernig framkvæmd þessara mála er nú háttáð og hvaða endurbætur komi þar helst til greina. Að lokinni þessari endurskoðun og athugun semji nefndin frv. til heildarlaga um þessi mál.

Áherzla er lögð á, að störfum millipinganefndarinnar verði hraðað sem mest.